



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Skipulagssvið
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri 12. janúar 2022
MÍ202201-0004/ 6.08 / S.G.

Aðalskipulag Akureyrar, skipulagslýsing vegna uppbyggingar við Tónatröð og Spítalaveg

Með tölvupósti frá 21. desember 2021 óskaði María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi við Tónatröð og Spítalaveg á Akureyri. Með bréfinu fylgdi skipulagslýsing, dagsett 3. desember 2021.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Vitað er um aldursfriðaðar fornleifar innan skipulagssvæðisins. Til er fornleifaskráning fyrir Akureyrarbæ frá árunum 1996-1998. Skráningin uppfyllir ekki nógildandi staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu vegna skipulags og þarf að endurskoða hana í samræmi við reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar. Skráning fornleifa skal liggja fyrir áður en stofnunin fær deiliskipulag til umsagnar til að hægt sé að tryggja varðveislu þekktra og hugsanlegra fornleifa á skipulagssvæðinu. Á deiliskipulagsuppdrætti skulu útlínur skráðra fornleifa sýndar, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði, þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Skráningu fornleifa telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest skrána skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Til er húsakönnun fyrir svæðið; Hanna Rósa Sveinsdóttir og Hjörleifur Stefánsson *Byggða- og húsakönnun við Spítalaveg á Akureyri* 2009. Skýrslan er vönduð en fullnægir ekki nógildandi kröfum um skráningu húsa og mannvirkja fyrir deiliskipulag. Ef til deiliskipulags kemur þarf því að uppfæra hana með tilliti til

núgildandi laga um menningarminjar og stöðu húsa á svæðinu út frá þeim, ásamt því að koma skráningunni inn í rafrænt skráningarform Minjastofnunar.

Í kafla um niðurstöðu varðveislumats í húsakönnuninni segir:

Á því svæði sem húsa- og byggðakönnunin nær til eru afar mikilvægar minjar um sögu Akureyrar frá upphafi til okkar daga. Elsta húsabyrping bæjarins stendur við suðurenda Spítalavegar og hlýtur hún að teljast með mikilvægustu minjum í bænum ásamt götuslóðum upp á brekkuna [...] Spítalahúsin sem eftir eru mynda heild sem taka þarf tillit til og styrkja eftir mætti. Timburhúsin efst við Spítalaveg mynda aðra heild sem er mikilvæg og ný hús í nágrenninu þurfa að vera í góðri sátt við hana. Við skipulagningu byggðar á þessu svæði er brýnt að skerða sem minnst sýnilegar minjar um sögu og þróun byggðarinnar, og gildir það jafnt um byggingar sem önnur mannvirki, og einnig um náttúruminjar [...] Eyrarlandsbrekkan setur mjög mikinn svip á bæinn. Hún blasir víða við og þar af leiðandi verða öll mannvirki í henni áberandi. Þeim mun mikilvægara er að vandað verði til allra mannvirkja í brekkunni til framtíðar. Við skipulagningu framtíðarbyggðar er mikilvægt að leita leiða til að móta byggðina í heild með tilliti til svipmóts gömlu húsanna og með virðingu fyrir heildaryfirbragði landslagsins. Mótun nýrrar byggðar á þessu svæði þarf að taka mið af stærð gömlu húsanna, lögun þeirra, byggingarefni og legu í landslaginu.

Þær skipulagshugmyndir sem kynntar eru núna snúa að því að reisa fimm fjölbýlishús í brekkunni við Tónatröð og til þess að koma þeim fyrir er gert ráð fyrir að tvö hús verði fjarlægð, Tónatröð 6 (Litli-Kleppur) og Tónatröð 8 (Sóttvarnarhúsið). Hið síðarnefnda var reist árið 1905 og fellur því undir ákvæði 29. greinar laga um menningarminjar sem aldursfriðað hús. Í því felst að ekki er heimilt að breyta því eða fjarlægja það án samþykkis Minjastofnunar. Skipulagssvæðið er hluti svæðis sem í gildandi aðalskipulagi er merkt sem ÍB1 og kallast Fjaran, Lækjargil, Spítalastígur. Í skipulaginu sem samþykkt var 2018 segir um þennan reit:

Eldri byggð með varðveislugildi ásamt nýrri byggð. Fullbyggt, fullmótað hverfi. Deiliskipulagt. Á svæðinu er elsti hluti byggðar á Akureyri. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í

samræmi við aðliggjandi húsaraðir, sjá enn fremur kafla 2.1.25 Hverfisverndarsvæði.¹

Samkvæmt skipulagslýsingunni er stefnt að því að klippa þetta svæði út úr reit ÍB1 og afmarka sérstakan landnotkunarreit ÍB1-a og gjörbreyta svæðinu í stað þess að fylgja stefnu bæjarins frá 2018 um að halda í yfirbragð svæðisins og horfa til samræmis við aðliggjandi húsaraðir. Með þessari breytingu verður hluti hinnar menningarsögulegu byggðar Innbæjarins á Akureyri ekki lengur í þeirri samfellu sem hann hefur verið frá því að hann byggðist sem er óafturkræf breyting á bæjarmyndinni. Hætt er við að öll hlutföll byggðarinnar riðlist með því að byggja hús í allt öðrum mælikvarða og með breytingunni er farið á svig við ofangreinda samþykkt gildandi aðalskipulags um verðveislugildi og heildaryfirbragð svæðisins.

Eins bendir Minjastofnun á að unnið er að tillögu um verndarsvæði í byggð í Innbænum á Akureyri (Öll hús við Lækjargötu, Aðalstræti og Hafnarstræti að nr. 67 að undanskildum nýjum húsum nr. 24-30 austan megin götunnar, skv. umsókn Akureyrarbæjar um styrk til verkefnisins árið 2017). Húsakönnun og tillögu hefur ekki verið skilað en skv. lögum um verndarsvæði í byggð skulu skipulagsáform taka mið af þeim markmiðum og skilmálum sem fram koma í tillögu um verndarsvæði í byggð. Ljóst er að mikil breyting á byggðu umhverfi í brekkunni fyrir ofan fyrirhugað verndarsvæði getur haft mikil áhrif á heildarásýnd þess.

Í kafla um Umhverfismat segir að kannaðar verði jarðvegsaðstæður á svæðinu. Neðan við brekkuna eru ein elstu og merkustu hús Akureyrarbæjar, eins og sjá má í varðveislumati húsakönnunarinnar, og þarf að kanna vel áhrif þessa mikla byggingarmagns á byggðina við Spítalaveg, Lækjargötu og Aðalstræti með heildarvarðveislu svæðisins í huga.

Minjastofnun minnir á að taka þarf tillit til niðurstaðna fornleifaskráningar svæðisins þegar hún liggur fyrir við frekari skipulagvinnu á reitnum. Einnig þarf að uppfæra húsakönnun svæðisins með tilliti til nágildandi laga um menningarminjar.

Að mati Minjastofnunar er hægt vandi að skipuleggja fyrirhugaða byggð við Tónatröð þannig að form og mælikvarði

¹ Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, Greinargerð s. 34

nýrra húsa samræmist markmiðum gildandi aðalskipulags um að: "halda yfirbragði svæðisins" og gæta samræmis við þá byggð sem fyrir er. Væri þeirri stefnu fylgt við þéttingu byggðar við Tónatröð er ofangreind breyting á aðalskipulagi óþörf og til þess eins fallin að rýra markmið eldri skipulagsáætlana Akureyrarbæjar um verndun og fegrun elstu byggðar Akureyrar sem unnið hefur verið eftir um langt skeið.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)
Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri skipulagssviðs (peturingi@akureyri.is)
Minjasafnið á Akureyri (minjasafnid@minjasafnid.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.